



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Dalskóli leikskólahluti

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: „, Hamingjan er ferðalag,, skapandi starf er okkar rauði þráður í gegnum alla okkar vinnu með börnum.	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat	9
3.1 Mosadalur.....	9
3.2 Fífudalur	13
3.3 Vættabjörg.....	15
3.4 Tröllabjörg	18
3.5 Álfadalur	20
3.6 Dvergadalur	22
3.7 Huldudalur	25
3.8 Listasmiðjan og smiðjur í leikskólahluta Dalskóla	28
3.9 Tónlist í leikskólahluta Dalskóla.....	29
4 Innra mat sérkennslu.....	30
5 Innra mat – fóltyngd börn	31
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	33
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	34
8 Foreldrasamvinna	35
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	36
10 Fylgigögn.....	37
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	37



Leiðarljós leikskólans: „Hamingjan er ferðalag,, skapandi starf er okkar rauði þráður í gegnum alla okkar vinnu með börnum.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Dalskóli leikskólahluti vinnur með hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem skapandi starf er í hávegum haft. Auk þess er mikil áhersla á útinám barnanna. Mikil áhersla er lögð á skráningar eða persónumöppu sem hvert barn byrjar að safna í frá fyrsta leikskóladegi.

Þetta skólaár var eins og hjá flestum ef ekki öllum leikskólum á Íslandi ansi skrautlegt og einkenndist af þeim leiða vágast sem Covid -19 er. Það þurfti ítrekað að bregðast við áskorunum vegna reglugerða breytinga á starfseminni vegna sóttvarna og einkenndust breytingarnar af því að það þurfti að breyta, hólfaskipta og beygja og sveigja starfið eftir reglugerðum. Starfsfólk mátti ekki hittast og blandast öðrum hólum og foreldrar máttu ekki koma í hús.

Þrátt fyrir allt þetta var haldið áfram að vinna með innra starfið eins og mögulega var hægt, verkefnastjórar þurftu að binda sig í öðru hvoru húsinu og máttu ekki fara á milli. Þetta hefur reynt á okkur öll en haustið einkenndist af mannaráðningum og aðlögun nýrra barna.

Í haust sem leið fékk Dalskóli - leikskólahluti það verkefni að stofna tvær ungbarnadeildar. Stjórnendur og starfsfólk tók til við að skipuleggja og þarfagreina hvað þyrfti að kaupa og gera áður en litlu börnin kæmu inn til okkar. Þar sem við fengum fjármagn í verkefnið þá náðum við að kaupa inn húsgögn og hillur sem framleidd eru fyrir yngstu börnin. Við vorum að aðlaga börn og starfsfólk fram eftir öllum vetri, þar sem ekki gekk vel að manna haustið. Um haustið fluttu fjögurra ára börnin út í Móa og fengu afhenta deildina sem nefnd var Fífudalur. Það hefur tekið nokkurn tíma að fá deildina til þess að setjast og læra á stór rými og annað. Einnig þurfti að ráða talsvert af kennurum þar sem leikskólinn var að stækka til muna. Innleiðing á „*Betri vinnutími*,, stendur yfir en Dalskóli leikskólahluti ákvað að það yrði farið strax í fulla styttingu eða þrjátíu og sex stunda vinnuviku eftir kosningar um hvernig innleiða skyldi verkefnið. Það eru allir ánægðir með að fá styttri vinnuviku en það hefur tekið aðeins á að setja þetta vel inn í skipulag svo að þetta bitni ekki á börnunum og öðrum starfsmönnum.

Að venju tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins.

Á yngstu deildunum var Könnunarleikurinn tekin upp aftur, efniviður endurýjaður og saumaðir pokar utan um efniviðinn.



Sótt var sameiginlegan styrk í B – hluta menntastefnunnar verkið hlaut nafnið Orð eru til alls fyrst. Þar sem allir leik og grunnskólar hverfisins eru saman. Verkefnið miðar að því að vinna í sameiningu að því að þróa vinnulag sem miðar að tjáningarríku umhverfi í öllum þáttum skólalífsins fyrir öll börn skólanna á öllum aldurstigum.

Fyrir haustið 2021 -2022 var sótt um í A hluta menntastefnu borgarinnar um félags- og tilfinninga þroska. Áætlað er að innleiða Blæ í allan skólann og vinna með félags- og tilfinninga þroska barna á öllum deildum.

Á vordögum var útisvæðið okkar girt af þar sem aðlaga verður leiksvæðið að breyttri starfsemi og þörfum yngri barna. Í haust fór svæðið í skipulags og endurbóta vinnu sem unnin var af landslagsarkitekt en lóðin var endurhönnuð að hluta til. Verkefnið fór svo í útboð á vordögum og er verið að vinna að endurbótum þegar þessi orð eru rituð. Nokkuð var um endurbætur á húsnæðinu en í miðri starfsemi var skipt út öllu parketi á leikskólahúsnæði yngri barna og settur dúkur á gólfín ásamt því að allar deildar voru málaðar. Þetta tók á skipulag og hæfni starfsmanna til breytinga en almennt hafa skólaár síðastliðinna tvo vetur einmitt einkennst af breytingarstjórnun. Næsta vetur er stefnt að því að þriðja ungbarnadeildin verði sett á laggirnar og erum við þá með yngri börnin í Dal frá eins árs aldri til þriggja ára á sex deildum, úti í Móa eru börnin þá fjögurra og fimm ára á tveimur deildum. Dalskóli – leikskólahluti er þá orðin einn stærst leikskóli landsins með samtals 185 börn.

Aðaláhersla næsta vetur verður að vinna að fagmennsku og efla færni kennara. Unnið verður með námsþátt félags og tilfinningafærni næsta skóla ár.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Þættir sem varða síðustu starfsáætlun og umbótaáætlun Þróunarverkefnið Málið er málið	Matið var framkvæmt á fagfundi og skiluðu starfsmenn af sér matsblöðum	Deildarstjórar og verkefnastjórar. Stjórnendur og sérkennslustjórar	Flest allt hafði gengið eftir, Margt hefur þó ekki gengið eftir vegna sóttvarna t.d. að vinna með sameiginleg rými. Hringekjan og samstarf við grunnskólahluta var sett á bið vegna Covid – 19. En á vormánuðum fór hringekjan af stað og náðist einn og hálfur mánuður áður en grunnskólanum lauk.
Menntastefnumót mat	Matsblað/ Erindi/fyrirlestur/ menntaspjall. Spurt var um hvað sat eftir og hvort starfsmenn vildu kynna sér nánar verkefni eða viðfangsefni	Allir starfsmenn	Mikil ánægja með Menntastefnumótið og margt sem starfsmenn hafa áhuga á að kynna sér nánar á komandi misserum
Almennt mat á deildarstjórafundum og verkefnastjóra	Á fundum deildarstjóra. Smiðjur metnar í lok hverrar smiðju	Deildarstjórar, verkefnastjórar	Smiðjur hafa gengið nokkuð vel, starfsmenn hafa gætt þess að láta þær alltaf ganga fyrir þrátt fyrir ýmsar takmarkanir. Annmarkinn hefur helst verið sá að ekki hefur verið hægt að hleypa foreldrum inn á sýningar nema mjög takmarkað.
Mat með elstu börnum leikskólans	Börnin voru spurð um líðan og ánægju með ýmislegt varðandi starfið og húsnæði.	Helmingur barna af Mosadal	Matið með börnunum kom vel út og eru börnin kát og glöð í skólanum. Þættir eins og söngstund og sögustund mætti þó bæta. Annmarkar þessa mats var að það var gert helst til seint að vori.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Rafræn foreldrakönnun	Reykjavíkurborg stóð fyrir starfsmanna könnun í vor	Foreldrar barna leikskólahluta	Svarhlutfall var 79% Styrkleikar okkar virðast liggja í stefnu skólans hún er sýnileg og börnin fá að velja sér viðfangsefni. Foreldrar eru ánægðir með það skapandi starf sem hér er unnið með. Hlýlegt og gott andrúmsloft og starfsmenn sýna það jafnframt í samskiptum við börn og foreldra. Það sem við þurfum að bæta eru þættir eins og að foreldrar vilja taka þátt í að meta framfarir barna sinna í þroska. Að foreldrar séu hvattir til samstarfs við foreldra og að leikskólinn leiti til foreldra um tillögur og hugmyndir.
Starfsmanna-könnun rafrænt	Reykjavíkurborg stóð fyrir starfsmannakönnun í vor	Starfsmenn leikskólahluta Dalskóla. Svarhlutfall var ekki mjög hátt eða 34 %	Niðurstöðurnar voru í megin atriðum svipuð og fyrri ár. Flestir þættir voru á grænu, en það er þar sem við viljum vera þar sem hæfnipætti er náð. Sömu þættir og áður voru á gulu en það þarf að setja inn í umbótastarf. Þetta er upplýsingaflæði, móttaka nýliða, stöðuleiki og hæfilegt vinnuálag eru þættir sem við þurfum að setja inn á umbótaáætlun.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Umbóta- þættir Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Stjórnun	Efla deildarstjóra og skapa sameiginlega sýn á stefnu skólans	Handleiðsla fyrir deildarstjóra frá fagaðilum SFS	Byrjað um haust og unnið allan veturinn	Stjórnendur	Deildar- stjórar og stjórnendur	Að deildarstjórar séu sterkir fagmenn
	Auka upplýsingaflæði	Hvetja deildarstjóra til þess að upplýsa starfsmenn betur t.d. eftir deildarstjórafundum	Allur veturinn	Deildar- stjórar og stjórnendur	Deildar- stjórar og stjórnendur	Að starfsmenn séu vel upplýstir.
Mannauður/ Leikskólabragur	Sameiginlega sýn á starfið og stefnu skólans	Skipulagsdagar nýttir til stefnumótunar. Sem flestir taki þátt í þeirri vinnu.	Unnið frá hausti og yfir veturinn	Stjórnendur og deildar- stjórar	Metið á skipulags- degi á vorönn	Að sem flestir hafi komið að vinnunni og þekki stefnu og sýn skólans
	Að skapa jákvætt og styðjandi andrúmsloft. Að efla hæfni nýrra starfsmanna.	Að stuðningur við starfsmenn sé hafður að leiðarljósi. Að gera það að reglu að deildarstjórar hafi viðtöl við starfsfólk	Unnið frá hausti og yfir veturinn	Stjórnendur og deildar- stjórar	Á deildarstjóra fundum reglulega yfir veturinn. Metið í starfsmanna - samtölum	Að starfsmenn nái að blómstra í starfi og eflist faglega.
	Hæfilegt vinnuálag	Huga vel að skipulag	Allur veturinn	Stjórnendur deildar- stjórar og starfsmenn	Á fundum.	Að vinnuálag verði viðunandi
Uppeldis og menntastarf	Unnið verði með félagslega þáttinn í vetur	Leggja áherslu á vinnu með Blæ. Tilfinninga, félagsfærni og vináttusmiðja verði í byrjun hausts hjá eldri börnum. Námskeið.	Ágúst – okt	Stjórnendur deildar- stjórar og sérkennslu- stjórar	Á skipulags- degi á vorönn	Að unnið sé með Blæ inni á deildum
	Að gefa foreldrum kost á því að koma frekar að ákvörðunartöku og markmiðum	Gefa þessum þætti gaum í foreldraviðtölum	Allur veturinn			Að foreldrum finnist þeir vera þátttakendur í starfi barnanna



Innra mat	Próa ungbarna starf á yngstu deildunum. Skoða leikföng og leikefni	Skoða aðra ungbarna leikskóla. Fá fyrirlestur Hrönn Pálma frá HÍ um yngstu börnin.	Unnið frá hausti	Stjórnendur og deildarstjórar yngstu barna.	Metið jafnt og þétt yfir veturinn með deildarstjórum.	Að starfsmenn finni fyrir öryggi og færni í vinnu með ungum börnum.
	Að unnið verði með markvissar með málörvun	Lögð verði áhersla á vinnu með Lubba	Unnið frá hausti	Stjórnendur deildarstjórar og sérkennslu - stjórar	Metið jafnt og þétt yfir veturinn með deildarstjórum	Að Lubba stundir séu á öllum deildum
	Að rýmin í Móa verði aðlöguð betur að þörfum barna og starfsfólks	Mat með elstu börnum leikskólans og starfsfólki	Unnið frá hausti	Stjórnendur	Metið reglulega yfir veturinn og svo að vori	Að börnum og starfsfólki líði vel í rýmunum og upplifi ró og notalegt andrúmsloft.




3 Innra mat

3.1 Mosadalur

Nemendahópurinn í Mosadal tók stöðugum breytingum veturinn 2020 – 2021. Haustið 2020 byrjuðu þrjátíu og sjö börn fædd 2015 í Mosadal, en jafnt og þétt yfir veturinn hættu sum og önnur komu ný inn. Maí 2021 voru börnin orðin fjórtíu í Mosadal, öll fædd 2015 og því öll á elsta ári leikskólans og á leið í fyrsta bekk haustið 2021.

Við byrjuðum veturinn á vináttusmiðju þar sem unnið var sérstaklega með hópefli og sjálfsstyrkingu þannig að barnahópurinn myndi þéttast og aðlagast sem best í nýjar aðstæður hér í Móa. Við gáfum þessari smiðju sérstaklega langan tíma, enda var eins og áður sagði hópurinn síbreytilegur og því var vináttusmiðjan svo gott sem alla haustönnina. Fyrir jólin unnu börnin jólagjöf til foreldra sína á sama hátt og í smiðjuvinnu, þau ákváðu sjálf hvað skyldi gera og hvernig og allt ferlið skráð. Eftir áramót tók við vísindasmiðja þar sem börnin rannsökuðu norðurljós, stjörnumerki, eldgos, ský og regnboga. Þegar þeirri smiðju lauk tók við vorsmiðja þar sem börnin einbeittu sér að vorkomunni í dalnum og völdu allir hópar að rannsaka skordýr, flugur og fiðrildi. Einu smiðjulok vetrarins voru að lokum vorsmiðjunnar, en þá var einnig haldin svokölluð uppskeruhátíð elstu barnanna. Okkur hefði langað að bjóða foreldrum oftar að koma og sjá afrakstur vinnu barnanna sinna en sóttvarnareglur hindruðu okkur í því.



Áætlað var að tónlistarkennari kæmi með tónlistarkennslu fyrir öll börnin einu sinni í viku, en vegna aðstæðna gekk það ekki upp. Að venju tókum við þátt í samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins á Barnamenningarhátíð. Vegna samkomutakmarkana var ekki unnt að þessu sinni að taka þátt í tónleikum í Hörpu, en hópurinn fór í júní niður í Ráðhús og söng á tónleikum sem var streymt í lokuðu vefstreymi. Þannig gátu foreldrar notið tónleikanna líka.

Áætlað var að myndlistakennari kæmi og byði börnunum í listasmiðju einu sinni í viku, en líkt og með tónlistina gekk það illa upp á haustönninni. Á vorönninni gekk betur og kom hún yfirleitt eftir hádegi og vann verkefni með barnahópnum, s.s. sjálfsmyndir og smiðjutengd verk.

Farið var að jafnaði í þrjár ævintýraferðir í viku hverri, eina með hvern hóp. Ferðirnar gengu vel og mikil ánægja er með þetta starf, jafnt meðal barna, kennara og foreldra. Markmiðið er að efla hreysti



og úthald, kynnast ólíku veðri, fylgjast með náttúrunni fara úr sumarham í haustliti, leggjast í vetrardvala og loks vakna á ný að vori. Eins að efla liðsheild og samkennd innan hópsins, en oft reynir á ýmsar dyggðir í þessum ferðum, þolinmæði, hjálpsemi, úthald og þrautseigju svo fátt eitt sé nefnt.

Á vorönn 2021 var unnið í svokallaðri hringekju með 1. bekk. Þá fara börnin í blönduðum hópum í ýmis verkefni í Mosadal, 1. bekkjarstofum og Úlfabyggð. Markmið með þessu starfi er að brúa bilið milli skólastiganna og að aðlögun barnanna milli þeirra gangi sem best. Á vordögum fóru börnin einnig í litlum hópum í frjálsan leik í Úlfabyggð, lærðu þar á valtofluna og annað fyrirkomulag frístundastarfsins.

Hvert barn fékk sína verkefnaöppu sem þau gátu safnað verkefnum í eftir áhuga. Verkefnin miðuðu að efla stafabekkingu og málvitund. Börnin gengu í þessar möppur nokkuð frjálst, en hlutverk kennara var að vekja áhuga þeirra á verkefnunum og hvetja þau áfram.

Unnið var markvisst með námsaðferðir *Leikur að læra* í hreyfistundum þar sem stærðfræði- og læsistengdum viðfangsefnum var blandað við hreyfileiki og æfingar. Þá voru einnig málörvunarstundir með námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Báðar þessar stundir voru vikulega.

Umbótapættir Mosadalur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Einfaldari hópaskipting barna	Nota sömu hópa í allt starf til einföldunar fyrir börnin	Hópnum skipt í tvennt eftir árgöngum. Hvorum hóp skipt svo í tvennt í smiðju og matartíma.	Hefst í Ágúst 2021	Deildarstjórar	Rætt og endurmetið á deildarfundum	Börnin viti alltaf í hvaða hóp þau eru og viti betur hvað er ætlast til af þeim.
Dagskipulag	Halda áfram að þróa dagskipulag sem virkar vel fyrir bæði þarfir barna og skipulag starfsmanna	Fara vel yfir dagskipu- lagið og laga það sem helst rekst á, með tilliti til undir- búnings og styttingar	Hefst í Ágúst 2021	Deildarstjórar	Rætt og endurmetið á deildarfundum	Hver dagur gangi vel fyrir sig og starfsfólk þekki sitt hlutverk
Skýrar og einfaldar reglur	Samræma reglur með því að gera þær sýnilegar, þar sem við á	T.d setja upp spjald við perluborðið viðmið um straujun, inn í gjótu og við einingakubb ana viðmið um geymslu bygginga og viðmið um stimpla sem umbun	Hefst í Ágúst 2021	Deildarstjórar	Rætt og endurmetið á deildarfundum	Sömu reglur gilda sama hvaða kennari á í hlut
Ævintýraferðir	Þróa og útvíkka ævintýra- ferðirnar svo þær haldist helst í hverri viku	Halda þeim inni í skipulagi og halda áfram að þróa starf í kringum þær	Haut 2021	Deildarstjórar	Rætt og endurmetið á deildarfundum	Farið verði í ferðir í hverri viku og þær smitist yfir í starfið, t.d með söfnun efniviðs
Foreldra - samskipti	Hafa faglegri upplýsingagjöf til foreldra	Koma með faglega ráðgjöf og útskýra faglegar forsendur starfsins í vikulegum	Haut 2021 – Vor 2022	Deildarstjórar	Vista alla pósta í sameiginlega möppu og fara reglulega yfir þá	Að minnsta kosti einn póstur í mánuði sem inniheldur fagleg ráð eða útskýrir faglegar forsendur starfsins



Fundargerðir		póstum fremur en að telja aðeins upp hvað var gert				
	Upplýsa starfsfólk betur um fundi og ákvarðanir	Taka saman punkta af öllum fundum, prenta út og hengja upp inni á skáphurð	Haust 2021- Vor 2022	Deildarstjórar	Vista alla pósta í sameiginlega möppu og fara reglulega yfir þá	Langflestir fundir séu hengdir upp og hangi fram að næsta fundi
Námsefni elstu barna	Setja niður markmið og taka saman námsefni ætlað elstu börnum leikskólans	Þróa betur vinnu með Lubba, stærðfræði, orðaforða og almenna þekkingu. Hafa sjónrænt t.d. setja upp plaköt með líkamsheitum	Haust 2021 – Vor 2022	Deildarstjórar, kennarar og starfsfólk deildar	Rætt og endurmetið á deildarfundum	Í lok vetrar verði tilbúin ákveðinn rammi með markmiðum fyrir starf elstu barna, hvað ca. tekið fyrir hvenær yfir veturinn og hvernig unnið sé með það
Samvinna við Fífudal	Byggja gott og mikið samstarf milli deildanna um nám hvors árgangs fyrir sig	Setja upp sameiginleg markmið og verkefnið fyrir hvorn árgang, setja niður faghópa um málefni hópanna.	Haust 2021 – Vor 2022	Deildarstjórar	Rætt og endurmetið á deildarstjórafundum	Sama starf sé unnið með hvorn árgang fyrir sig. Ákveðnir kennarar fylgi hvorum hópi og ræði reglulega saman um samstarfið



3.2 Fífudalur

Haustið 2020 var deildin Fífudalur stofnuð og fluttust öll fjögurra ára börnin úr Dal yfir í Móa þar sem deildin er staðsett. Á deildinni sameinuðust börn af tveimur deildum ásamt tveimur deildarstjórum og starfsfólki af deildunum sem þau voru á áður en einnig kom inn nýtt starfsfólk. Fram eftir vetri voru börn að bætast við á deildina og nú á vorönn voru fjórtíu börn á deildinni öll fædd 2016. Það tók deildina töluverðan tíma að setjast þar sem að margir voru að koma saman af ólíkum deildum og læra þurfti inn á stór rými. Töluvert var um mannabreytingar á deildinni sem hafði áhrif á starfið ásamt langtímaveikindum starfsmanna.

Þar sem að barnahópurinn er stór hefur börnunum verið skipt upp í minni hópa í vetur þar sem að hópstjórar sáu um sinn hóp, en við höfum töluvert verið að prófa okkur áfram í rýminu og finna þær leiðir sem henta barnahópnum best. Á deildinni hefur verið lögð áhersla á að vinna með minni hópa í fjölbreyttum verkefnum líkt og málörvun, listasmiðju, íþróttum, útiveru, frjálsum leik og smiðjuvinnu. Mikil áhersla hefur verið lögð á opinn og verðlausan efnivið bæði í frjálsa leiknum og í smiðjum. Bæði einingakubbar og holukubbar hafa verið vel nýttir í vetur og hafa börnin sýnt framfarir í að byggja með kubbunum.

Unnið var með Lubba á morgnanna í hópastarfinu þar sem að hver hópstjóri tók sinn hóp. Unnið var með hljóðin og orðflokka ásamt ýmsum verkefnum. Nú á vormánuðum hefur ekki tekist að halda uppi Lubbastundum vegna langtímaveikinda starfsfólks.



Í íþróttum hafa verið gerðar fjölbreyttar þrautabrautir sem að þjálfar grófhreyfingar, jafnvægi og samvinnu. Þá höfum við verið dugleg að fara í leiki ásamt því að færa íþróttirnar út í góða veðrið og nýta allt svæðið í kring til fjölbreyttrar hreyfingar. Þá höfum við verið dugleg að fara í gönguferðir í vetur og kanna umhverfi leikskólans.

Unnið hefur verið mikið í listasmiðjunni í vetur og sérstaklega nú á vormánuðum þar sem að verkefnastjóri myndlistar hefur verið inni á deild alla daga og tekið litla hópa í listasmiðjuna. Smiðjuvinna hefur því flætt vel inn í starfið á deildinni, þar sem að börnin hafa fylgt eftir verkefnum sínum og áhuga með fjölbreyttum leiðum.

Vegna Covid 19 hafa ekki verið vikulegar tónlistarstundir á Fífudal í vetur. Verkefnastjóri í tónlist hefur verið í afleysingum á öðrum stöðum í vetur og því hafa skipulagðar tónlistarstundir fallið niður. Daglega er sungið með börnunum í samverustundum og einstaka sinnum hefur verið sameiginlegur samsöngur með Mosadal og Fífudal. Áætlað er að setja samsöng á dagskrá á komandi vetri 2021-2022.

Umbótaþættir Fífudalur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lubbi	Að efla málörvun á deildinni	Lögð verði áhersla á Lubba og vinna eftir þeim áætlunum sem til eru.	Unnið yfir veturinn	Deildarstjórar Og starfsfólk deildar	Símat yfir veturinn. Metið á deildarfundum	Að starfsfólk tileinki sér að vinna með Lubba. Framfarir skoðaðar í TRAS og Hljóm-2
Blær/ Vinátta	Innleiða vináttuverk-efnið Blæ á deildina	Námskeið í Blæ sem allir starfsmenn sækja	Unnið frá hausti og fram á vor	Deildarstjórar Og starfsfólk deildar	Símat yfir veturinn. Metið á deildarfundum	Að starfsfólk og börn tileinki sér Blæ og virðingu fyrir náunganum.
Mannauður	Þróa samvinnu tveggja deildarstjóra og stóran starfsmanna-hóp	Regluleg fagsamtöl og starfsmanna-viðtöl.	Unnið frá hausti	Deildarstjórar og stjórnendur	Metið á deildar- og fagfundum.	Að samvinna gangi vel.
Vinna hópastærðir og rými	Að börnin hafi tækifæri til að vinna í minni hópum til að minka áreiti og hávaða yfir daginn	Skoða hópastærðir og rými. Hvernig má nýta mannauðinn sem best.	Unnið frá hausti	Deildarstjórar og stjórnendur	Símat yfir veturinn á deildarfundum og starfsdögum	Að starfsfólki og börnum líði vel í rýminu.



3.3 Vættabjörg

Á Vættabjörgum voru starfsárið 2020 – 2021, tuttugu börn, öll fædd árið 2017. Starfið á deildinni hefur verið frábrugðið því sem er vanalega. Þegar við hófum starfið í ágúst var covid-19 enn að setja strik í reikninginn og því starfið aðlagð eftir því.



Á Vættabjörgum leggjum við mikið upp úr frjálsum leik, söng, lestri og allri sköpun. Á hverjum degi notum við samverustundir sem eru tvisvar til þrisvar á dag. Þá syngjum við og lærum ný lög, förum í leiki, t.d. rím-, stafi og tökum sögustundir.

Við reynum að nýta allt okkar rými til þess að vinna með og skiptum hópnum upp í mismunandi verkefni, skapandi starf, hreyfingu og frjálsum leik. Á Vættabjörgum leggjum við mikið upp úr útiveru, bæði í leik í garðinum og könnunarferðir um nærumhverfi okkar.

Einni sinni í viku tökum við Lubbastundir í fjórum litlum hópum. Þar æfa börnin málhljóðin, hlusta á sögurnar og lögin. Í lok hverrar stundar er leikur í tengslum við málhljóð vikunnar.

Á Vættabjörgum vinnum við með Blæ bangsann og tökum vináttustundir. Lesum vináttu örsögur og tölum saman um vináttu. Við nýtum sérkennslurýmið Bifröst fyrir málörvun og félagslega þætti. Þá fara þrjú til fjögur börn saman ásamt kennara í leik og spil.

Tannverndin hélt áfram og voru tennur barnanna burstaðar eftir hádegismat.

Tónlist spilar stóran þátt í starfinu á Vættabjörgum. Við syngjum mikið með börnunum, hlustum á tónlist, klöppum takta, dönsum og fleira. Vegna Covid- 19 hefur ekki verið hægt að taka tónlist eins og vanalega er hjá okkur og því í staðinn notum við hvert tækifæri sem gefst að syngja saman.

Einu sinni í viku er hreyfistund. Þá setjum við upp ýmiskonar íþróttæfingar og/eða þrautabrautir þar sem börnin fá æfingu í t.d. jafnvægi, að hoppa, alls kyns æfingar með bolta, fara eftir einföldum fyrirmælum og fleiru þess háttar. Við notum bæði deildina, gangana, tröppurnar, útisvæðið, nærumhverfið og fleira í hreyfistundir. Það er gott bæði fyrir börn og kennara að nota mismunandi rími.

Í september 2020 var smiðjan „Lítill heimur – stór heimur“. Áhuginn hjá börnunum fór beint út í geim í þessari smiðju og bar hún því heitið Geimurinn og ég. Áhuginn á þessari smiðju var mikill í barnahópnum og smitaðist inn í allt starfsárið. Við lærðum um hnettina og sólina. Börnin teiknuðu myndir af því hvernig þau töldu geiminn líta út og bjuggu til hnetti úr geisladiskum. Börnin unnu svo saman að einu stóru hópverkefni úr dekkja umgjörð og úr því var stór pláneta. Önnur smiðjan var „Læsissemiðja“. Barnahópurinn á Vættabjörgum hafði gaman af sögunni um Greppikló og var hún marglesinn á deildinni og því tilvalið að blanda henni inn í smiðjuna. Við teiknuðum mynd af Greppikló á blaðsíður úr ýmsum bókum. Við unnum svo með stafi hvers og eins á deildinni. Þau teiknuðu sinn eigin staf, máluðu og leiruðu stafinn sinn. Á haustönn fer alltaf viss tími í jólagjafir sem að þessu sinni voru myndir af börnunum í leik með jarðleir, sem var svo prentuð út og þau máluðu á með fingrunum.

Þriðja smiðjan „Tökum flugið“ fór ekki mikið á flug hjá okkur á Vættabjörgum í þetta sinn. Margt hafði áhrif á smiðjuna okkar þar á meðal gólfefnaskipti sem gerði okkur deildarlaus í rúmar tvær vikur. Börnin bjuggu til sögur og fígúrir. Ásamt því að kynna þjóðerni allra á deildinni og skoða fánanna. Á vormánuðum höfum við verið að vinna með „Náttúrusmiðju“. Við unnum með gróðursetningu, eldgos og könnuðum nærumhverfið okkar t.d. Úlfarsá, Reynisvatn og fleira. Með því gátum við tengt útiveru og smiðjur vel saman og elt áhugasvið barnanna og leyft þeim að stjórna ferðinni. Til að mynda hafa börnin týnt allskyns efnivið í gönguferðum sem við höfum svo nýtt í ýmiskonar skapandi starf.

Umbótaþættir Vættabjörg	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vináttuverkefni Blær	Vinna með Blæ einu sinni í viku.	Fastar Blæstundir	Hefst ágúst 2021 til júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort þurfi að breyta fyrirkomulagi.	Fara yfir stundirnar og ræða á deildarfundum.
Útivera	Auka útiveru í nærumhverfi.	Bæta inn könnunarferðum í nærumhverfi. Fara í litlum hópum.	Hefst ágúst 2021 – júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Ræða á deildarfundum.



Leikur á deild	Auka vinnu með opin efnivið á deild	Hafa meira af „ekki dóti“ í boði fyrir börnin. Fá hugmyndir hjá öðrum	Hefst ágúst 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Stöðugt endurmat, finna áhugaverða hluti til að skoða	Fara yfir myndir af starfinu og ræða á deildarfundum.
	Myndataka á verkefnum.	Taka myndir af verkum barnanna og framkvæmd.	Alltaf að taka myndir þegar börnin gera verk. Virkja alla starfsmenn í að taka myndir.	Hefst ágúst 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða eftir hverja smiðju hvernig gengur.



3.4 Tröllabjörg

Starfsárið 2020 – 2021 voru á Tröllabjörgum tíu börn fædd 2017 og níu börn fædd 2018, en tvö af þeim börnum bættust í hópinn þegar leið á veturinn. Þar sem að skólinn var að stækka umtalsvert um haustið tók nýr deildarstjóri við deildinni. Haustið fór því í að slípa deildina saman bæði starfsfólk og börn sem annað hvort var að sameinast af öðrum deildum eða byrja nýtt í skólanum. Á þessum tímamarki var töluvert um takmarkanir vegna Covid-19 sem að setti mark sitt á starfið, bæði aðlaganir og foreldrasamstarf en einnig hafði það áhrif á smiðjustarf og samstarf á milli deilda.

Unnið hefur verið með Lubba á deildinni í vetur og voru börnin að fara í Lubba stundir vikulega. Í stundunum var verið að hlusta á lögin, lesa sögurnar og síðan var unnið nánar með bókstafi inni á deild í framhaldi af Lubbastundunum.

Hluti af deildinni hefur verið í hvíld í vetur og var ákveðið að hvert barn kæmi með sitt teppi og koddar sem að væri í skólanum yfir virku dagana en færi heim um helgar. Þetta hefur gefist vel og voru börnin ánægð með að vera sitt eigið í hvíldinni.

Í samverustundum í vetur vorum við dugleg að syngja en stuðst var við lög þar sem hægt var að nýta hreyfingu og tákni sem mest í lögunum. Þá fórum við yfir daginn í samverustundum með sjónrænskípunum. Lesnar voru sögur og bækur sem hæfðu aldri og þroska barnanna í hópnum.

Útivera hefur skipað stóran sess í starfi deildarinnar en börnin hafa farið út alla daga eftir hádegismatinn í vetur. Nú á vormánuðum hefur verið aukið við útiveruna og hafa börnin meðal annars farið í ferðir tengdar náttúrusmiðjunni.

Fyrsta smiðja haustannarinnar var læssismiðja en í henni var lögð áhersla á að vinna með bókstafina og liti. Tökum flugið var svo fyrri smiðjan eftir áramót og tókum við flugið til þeirra landa sem börnin á deildinni eiga tengsl við. Farið var í að skoða löndin, hvernig þau líta út og hvaða fánar eru þar. Einnig var farið í að skoða matarmenninguna í þeim sex löndum sem skoðuð voru og unnin fjölbreytt verkefni út frá því.



Síðasta smiðja vetrarins er svo náttúrusmiðja þar sem börnin hafa verið að fara meira í gönguferðir út í náttúruna að skoða tré, blóm og skordýr. Börnin gróðursettu sólblóm og aðrar plöntur til að hafa úti

á svölum í sumar þar sem hægt er fylgjast með þeim vaxa og dafna. Þá voru unnin ýmis verkefni með blómin. Öll börnin á deildinni fóru í fjöruferð og unnu verkefni tengd fjörunni út frá því.

Umbótaþættir Tröllabjörg	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lubbi	Að unnið sé markvissar með Lubba og fjölbreyttari verkefni unnin í Lubba-stundum	Allir starfsmenn deildar kynni sér Lubba og þær leiðir sem hægt er að fara til að nýta hann í starfi	Hefst apríl 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Að börnin þekki Lubba og geti tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum sem unnin eru út frá honum
Skráningar	Að starfsfólk deildar geri skráningar í vinnu með börnunum	Alltaf að gera skráningu þegar börnin vinna verkefni. Að allt starfsfólk æfi sig í að gera skráningar	Hefst júní 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Sjá afrakstur verkefna og skráningu. Að allir á deildinni hafi gert minnst eina skráningu yfir veturinn
Blær/Vinátta	Innleiða vináttu-verkefnið Blæ á deildina	Allir á deildinni kynni sér Blæ en frekar og leiðir til þess að vinna með vináttu	Hefst ágúst 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Ræða á deildarfundum og skoða hverju þarf að breyta eða bæta.	Fara yfir myndir af starfinu og ræða á deildarfundum
Samveru-stundir	Auka úthald og vinna með orðaforða	Hafa meira sjónrænt og nýta rím, þulur og söngva	Hefst í ágúst og unnið yfir veturinn	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Rætt á deildarfundum Farið yfir hvernig gengur	Sjálfsmat af deildarfundum



3.5 Álfadalur

Á Álfadal voru starfsárið 2020-2021 átján börn, sextán fædd árið 2018 og tvö fædd 2019. Á deildinni starfa fjórir kennarar. Aðlögun stóð yfir stóran part haustannar fram í byrjun ársins 2021 en segja má að henni hafi ekki lokið almennilega fyrr en í byrjun mars. Einnig var töluvert um starfsmannabreytingar fyrstu mánuðina. Þetta hafði vissulega áhrif á að hægt var að fara í markvissa vinnu með starfið en við gerðum okkar allra besta til að halda dagskipulaginu sem nú er komið í fastar skorður.

Dagskipulaginu er skipt upp í hópatíma fyrir hádegi og frjáls leikur úti eða inni eftir hádegi. Við leggjum mikið upp úr markvissri málörvun. Mikið er lesið, skoðaðar myndabækur og sungið, þetta gerum við bæði í hópatíma og samverustundum. Einnig setjum við orð á allar athafnir í starfinu. Útivera skipar stóran sess og erum við dugleg að fara í göngutúra með smærri hópa í dalnum okkar. Þar sem við búum svo vel að hafa frábært rými innan deildarinnar þá höfum við nýtt það vel til alls kyns listsköpunar, sull og ýmiskonar rannsóknarvinnu með alls kyns efnivið sem til er í leikskólanum eða það sem við höfum fundið úti.

Eftir áramótin tókum við upp markvissa vinnu með könnunarleikinn þar sem börnin fá tækifæri til að upplifa og prófa sig áfram með ýmiskonar efnivið. Markmiðið var að vera með skráningu varðandi rannsóknarvinnu barnanna en því miður hefur okkur ekki tekist að skrá hjá öllum enn sem komið er.

Mikil áhersla er lögð á tónlist þar sem við syngjum mikið saman alls konar lög og finnst börnunum lög sem hreyfingar fylgja skemmtilegust. Einnig hlustum við mikið á tónlist sem og sögur sem tónlist fylgir með. Samverustundir sem eru tvisvar til þrisvar yfir daginn eru undirlagðar söng.

Skipulagðar hreyfistundir hafa verið inná deild þar sem hópatímar hafa verið nýttir í þær. Þá hafa verið settar upp allskonar þrautabrautir og stöðvar og ýmis tæki og tól nýtt til að æfa grófhreyfingarnar.

Smiðjuvinna hefur gengið mjög vel. Fyrir áramót voru unnin fjölbreytt verkefni í smiðjum og gerðu börnin skemmtilega jólagjöf handa foreldrum sínum þar sem þau fengu að leika með pappírsræmur og tekin var mynd af þeim á meðan á þeim leik stóð. Börnin fingramáluðu myndina og hún síðan sett í ramma. Eftir áramót var smiðjan Tökum flugið og í henni fengu börnin að upplifa



ýmsan efnivið eins og vatn, leir og mold sem þau síðan unnu með. Loka smíðja vetrarins var Náttúrusmíðja þar sem farið var í vettvangsferðir og ýmsu safnað sem á vegi barnanna varð og unnið áfram með það eftir að í leikskólann var komið. Gróðursett voru blóm og fjölbreytt verkefni unnin út frá því það var virkilega ánægjulegt að fylgjast með börnunum í smíðjuvinnu og sjá hversu áhugasöm og spennt þau voru fyrir verkefnunum.

Umbótaþættir Álfadalur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Tónlist	Að börnin fái að kynnst hinum ýmsu hljóðfærum	Settar verða á fastar stundir í tónlist	Hefst október 21 Lýkur júlí 22	Deildarstjóri Allir kennarar	Sumar 22 Hvernig gekk hvað er hægt að gera betur	Gera skráningar um upplifun barnanna Þekkja mismunandi hljóðfæri og tóna
Vináttuverkefni Barnaheilla	Kennarar fái fræðslu um vináttu- verkefnið svo hægt sé að innleiða það í barnahópinn	Öll börn eignist Blæ og verkfæra- kistan notuð markvisst	Hefst nóvember 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri Allir kennarar	Sumar 22 Hvernig gekk hvað má gera betur	Skoða hvernig samskipti barnanna hafa þróast
Útinám	Nýta Dalinn sem kennsluefni	Öll börn fari 1x í viku í könnunar- ferð	Hefst september 2021 Lýkur júlí 2022	Deildarstjóri Allir kennarar	Sumar 22 Fara yfir skráningar og myndir úr vettvangsferð um	Að börnin þekki mun á árstíðum
Lubbi	Vinna markvisst með Lubba verkefnið	Syngja lubbalögin daglega og taka fyrir einn bókstaf í viku	Hefst september 2021 Lýkur júlí 2022	Lubbastjóri deildarinnar Allir kennarar	Fara yfir stöðuna 2x á önninni	Auka áhuga barna á lestri



3.6 Dvergadalur

Á Dvergadal voru starfsárið 2020 - 2021, þegar mest var fjórtán börn, öll fædd árið 2019. Það hefur verið svolítil hreyfing á börnum inn á deildinni því við vorum að hefja starf með ungbarnadeild og þurftum þess vegna aðeins að færa til á milli deilda líka. Starfið á deildinni hefur verið flókið þetta starfsárs, þegar við hófum starfið í ágúst, var Covid - 19 í fullum gangi sem seinkaði og breytti gangi aðlögunar mikið. Á sama tíma vorum við að takast á við og finna út úr breytingum á starfsemi deildarinnar þar sem við vorum farin að taka inn yngri börn heldur en áður sem kallaði á endurskipulagningu á öllu starfi deildarinnar. Eftir áramótin fór þó að komast meiri ró á starfið, þá var búið að aðlaga öll börn inn á deildina og starfið farið að ganga sinn vanagang.

Á Dvergadal leggjum við mikið upp úr söng, lestri og allri sköpun. Á hverjum degi notum við samverustundir sem eru allavega tvisvar sinnum á dag, þá syngjum við, förum með þulur eða lesum saman bækur. Við gerum okkar besta til þess að nýta allt það rými sem við höfum til þess að vinna með og skiptum hópnum oft upp í mismunandi verkefni s.s. könnunarleik, æfingar fyrir fínhyfingar og grófhreyfingar, föndur og alls kyns upplifanir með börnunum. Á Dvergadal reynum við enn fremur að nota öll þau tækifæri sem gefast til þess að vera utandyra bæði við leik í garðinum og göngutúra um nærumhverfið. Á seinni hluta annarinnar höfum við verið að reyna að innleiða tákni með tali í samskiptum við börnin og hefur það gengið ágætlega.

Tannverndin hélt áfram og voru tennur barnanna burstaðar eftir hádegismat. Til að auka vatnsdrykkju á deildinni fengu börnin að koma með brúsa að heiman, sem sendir voru reglulega heim til þvottar.

Börnin á Dvergadal taka alltaf hvíld eftir hádegismatinn, við gerðum þær breytingar á þessu ári að börnin koma sjálf með teppi og kotta að heiman sem foreldrar taka heim einu sinni í viku til þess að þrifa. Okkur finnst þetta betra fyrirkomulag heldur en að skaffa teppi og kotta sjálfar, þá er „heimalykt“ í rúmfötunum þeirra og þau þekkja öll sína dýnu í hvíld þó svo þau sofi ekki alltaf á sama stað.

Tónlist spilar stóran þátt í starfinu á Dvergadal. Við syngjum mikið með börnunum, hlustum á tónlist, klöppum takta, dönsum og fleira. Börnin njóta tónlistastunda mikið.

Einu sinni í viku er hreyfistund. Þá setjum við upp ýmiskonar íþróttaæfingar og/eða þrautabrautir þar sem börnin fá æfingu í



t.d. jafnvægi, að hoppa, alls kyns æfingum með bolta, fara eftir einföldum fyrirmælum og fleiru þess háttar. Við notum bæði deildina, gangana, tröppurnar, útisvæðið, nærumhverfið og fleira í hreyfistundir. Það er gott bæði fyrir börn og kennara að nota mismunandi rími.

Á haustönn tókum við þátt í „Læsissemiðjunni“ en ekki varð mikið úr smiðjunni hjá okkur vegna aðlögunar sem var mjög sein en einnig út af covid og breytingum innanhúss. Á haustönn fer alltaf viss tími í jólagjafir sem að þessu sinni voru myndir af börnunum í leik með papparæmur, sem búið var að prenta allskyns texta á. Það var tekin mynd af börnunum í leik, sem var svo prentuð út og þau máluðu á með fingrunum. Á vorönninni höfum við verið að vinna með „Tökum flugið“ og „Náttúrusmiðju“ þar sem við unnum með allskyns efnivið sem við fundum úti og gerðum úr þeim ýmiskonar listaverk. Þetta ár unnum við með mold/leðju, vatn og leir. Með þessu gátum við tengt útiveru og smiðjur vel saman og elt áhugasvið barnanna og leyft þeim að stjórna ferðinni. Til að mynda hafa börnin týnt allskyns efnivið í gönguferðum sem við höfum svo nýtt í ýmiskonar föndurverkefni, við gróðursettum fræ sem uxu upp og hvert barn fékk að taka sitt blóm með heim.



Umbótapættir Dvergadalur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að starfmenn noti alltaf tákn með tali í samskiptum við börn	Að öll börn og starfmenn geti notað tákn með tali til þess að tjá sig.	Hengja upp myndir með táknum, hvetja starfsfólk til þess að æfa sig og kenna börnum	Hefst apríl 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Skoða færni starfmanna og barna til þess að nýta TMT
Skráningar	Að bæta skráningu verkefna sem unnin eru með börnum	Alltaf að gera skráningu þegar börnin vinna verkefni. Kenna öllu starfsfólki að gera skráningar	Hefst júní 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Sjá afrakstur verkefna og skráningu
Leikur á deild	Auka vinnu með opin efnivið á deild	Hafa meira af „ekki dóti“ í boði fyrir börnin. Fá hugmyndir hjá öðrum	Hefst ágúst 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfmenn deildar	Stöðugt endurmat, finna áhugaverða hluti til að skoða	Fara yfir myndir af starfinu og ræða á deildarfundum.
Vináttu- verkefni Blær	Innleiða vinnu með Blæ einu sinni í viku	Kynna mér og starfsfólki Blæ svo hægt sé að nota	Hefst ágúst 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfmenn deildar	Skoða um áramót hvernig gengur og hvort við þurfum að breyta	Fara yfir myndir af starfinu og ræða á deildarfundum.



3.7 Huldudalur

Á Huldudal voru starfsárið 2020 -2021, þegar mest var fimmtán börn, tíu börn eru fædd 2019, eitt barn 2018 og fjögur börn 2020. Starfið á deildinni hefur verið flókið þetta starfsár og miklar breytingar bæði á börnum og starfsfólki. Deildin hóf aðlögun seint en í október komu nokkur börn af Dvergadal yfir á Huldudal ásamt því að aðlögun nýrra barna hófst. Í upphafi voru bara átta börn á Huldudal og bættist svo smátt og smátt í hópinn yfir veturinn. Í apríl 2021 voru börnin á deildinni orðin fimmtán.

Á Huldudal leggjum við áherslu á að hafa jákvætt og rólegt andrúmsloft og að öllum börnunum líði vel, að þau séu örugg og upplifi sig örugg. Þar sem ungbarnadeildin er alveg ný þá erum við búin að vera að þróa og bæta starfið í vetur ásamt því að leita eftir nýjum hugmyndum um hvernig best sé að háttá starfinu fyrir svona ung börn.

Við höfum verið að leggja mesta áherslu á málörvun með því að skoða bækur og spyrja og tala um hvað við sjáum á myndunum. Lubbastundir hafa verið að minnsta kosti einu sinni í viku og þar sem börnin eru svo ung þá höfum við verið lengur með hvert hljóð. Unnið er töluvert með tónlist í starfinu á Huldudal. Við syngjum mikið með börnunum, hlustum á tónlist og syngjum hreyfilög eins og til dæmis Höfuð herðar hné og tær. Börnin hafa mjög gaman af tónlistarstundum og er misjafnt hvort að börnin taki þátt í stundunum eða fylgist með.

Farið er í útiveru eins mikið og hægt er og höfum við verið duglegar að nýta góða veðrið nú í vor til þess að vera mikið úti og fara í gönguferðir um hverfið. Íþróttastund er að meðaltali einu sinni til tvisvar í viku, þá er notað trampólín, stór mjúk dýna, boltar og göng. Börnin eru í raun stanslaust á hreyfingu fyrir utan þegar þau borða og eru í hvíld. Nokkur börn á deildinni eru ekki farin að ganga og erum við duglegar að hvetja þau til þess að æfa sig bæði inni á deild og í útiveru.

Í vetur innleiddum við könnunarleik á deildinni og fara fjögur börn í einu og einn kennari. Frjáls leikur skipar stórt hlutverk á deildinni og una börnin sér vel þar sem að mikið er verið að nýta verðlausan efnivið. Börnin fara einnig í Listasmiðju einu sinni í viku og svo reynum við að brjóta upp starfið með því að leyfa þeim að sulla, leika með hrísgrjón, lita, mála, fara í göngutúra og margt fleira. Einnig erum við að byrja að innleiða tákni með tali í samskiptum við börnin.

Tannverndin hélt áfram í vetur og voru tennur barnanna burstaðar eftir hádegismatinn. Til að auka vatnsdrykkju á deildinni fengu börnin að koma með brúsa að heima, sem sendir voru reglulega heim til þvottar.



Börnin á Huldudal taka alltaf hvíld eftir hádegismatinn, við gerðum þær breytingar á þessu ári að börnin koma sjálf með teppi, kodda og bangsa að heiman sem foreldrar taka heim einu sinni í viku til þess að þrifa. Okkur finnst þetta betra fyrirkomulag heldur en að skaffa teppi og kodda sjálfar, þá er „heimalykt“ í rúmfötunum þeirra og þau þekkja öll sína dýnu í hvíld þó svo þau sofi ekki alltaf á sama stað



Á haustönn var Læsissemiðja en ekki varð mikið úr smiðjunni vegna aðlögunar sem var mjög sein þetta árið. Börnin gerðu sjálfsmyndir og fóru í litlum hópum í listasmiðjuna þar sem þau fengu að kanna ýmsan efnivið sem þar er í boði. Á haustönn fer alltaf viss tími í jólagjafir sem að þessu sinni voru myndir af börnunum í leik með papparáemur, sem var svo prentuð út og þau máluðu á með fingrunum. Á vorönn var smiðjan Tökum flugið þar sem að áhersla var lögð á að kanna áfram ólíkan efnivið. Nú í vor var Náttúrusmiðja þar sem við unnum með allskyns efnivið sem við fundum úti og gerðum úr þeim ýmiskonar listaverk. Með þessu gátum við tengt útveru og smiðjur vel saman og elt áhugasvið barnanna og leyft þeim að stjórna ferðinni.

Umbóta- þættir Huldudalur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að starfmenn noti alltaf tákni með tali í samskiptum við börn	Að öll börn og starfsmenn geti notað tákni með tali til þess að tjá sig.	Hengja upp myndir með táknun, hvetja starfsfólk til þess að æfa sig og kenna börnun	Hefst júní 2021 Líkur júlí 2022	Starfsmaður mun innleiða þetta í samstarfi við deildarstjóra	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Skoða færni starfsmanna og barna til þess að nýta TMT
Skráningar	Að bæta skráningu verkefna sem	Alltaf að gera skráningu þegar	Hefst júní 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og	Sjá afrakstur verkefna og skráningu



Leikur á deild	unnin eru með börnum	börnin vinna verkefni. Kenna öllu starfsfólki að gera skráningar			hvort við þurfum að gera öðruvísi	
	Auka vinnu með opin efnivið á deild.	Hafa meira af „ekki dóti“ í boði fyrir börnin. Fá hugmyndir hjá öðrum	Hefst ágúst 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Stöðugt endurmat, finna áhugaverða hluti til að skoða	Fara yfir myndir af starfinu og ræða á deildarfundu m.
Vináttu-verkefnið Blær	Innleiða vinnu með Blæ einu sinni í viku	Kynna mér og starfsfólki Blæ svo hægt sé að nota	Hefst ágúst 2021 Líkur júlí 2022	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða um áramót hvernig gengur og hvort við þurfum að breyta	Fara yfir myndir af starfinu og ræða á deildarfundu m.
Gera deildina sérhæfða sem ungbarnadeild	Að deildin verði sérhæfð fyrir ungbörn	Deildarstjóri og starfsmenn kynni sér og mennti sig í þörfum ungbarna. Skoða aðrar ungbarna deildir	Hefst júní 2021 – júní 2022	Deildarstjóri og starfsfólk deildar, stjórnendur	Lesið bækur, greinar og rannsóknir um ungbörn, heimsækja aðrar ungbarna deildir	Fara yfir hvernig deildin hefur þróast frá júní 2021



3.8 Listasmiðjan og smiðjur í leikskólahluta Dalskóla

Haustið 2020 flutti listasmiðjan í Dal upp á efri hæð hússins og var hún gerð þannig að hún hæfði betur vinnu með yngstu börnum leikskólans. Hugað var að öllum efnivið og uppsetningu þannig að gott væri að vinna með upplifun og skynjun yngstu barnanna. Smiðjuvinna með yngstu börnunum fór hægt af stað bæði vegna flutninga á listasmiðjunni en einnig vegna þess að aðlögunin byrjaði seint, meðal annars vegna þess að fjögurra ára börnin voru að flytjast út í Móa. Smiðjuvinnan í Dal var því nokkuð óhefðbundin. Yngstu börnin unnu með verðlausan og opinn efnivið þar sem að lögð var áhersla á upplifun og skynjun. Á Tröllabjörgum og Vættabjörgum var einnig unnið með upplifun og skynjun.



Í Móa þar sem Mosadalur og Fífudalur eru staðsettar hóf Mosadalur veturinn á vinasmiðju þar sem unnið var með vináttu. Smiðjuvinnan var óhefðbundin vegna aðstæðna og varð því minna úr smiðjuvinnu en venjan er. Þá varð einnig lítið úr smiðjuvinnu á Fífudal þetta haustið vegna flutninga þeirra úr Dal yfir í Móa, þá setti Covid – 19 strik í reikninginn vegna þeirra takmarkana sem voru í gildi.

Eftir áramót var haldið áfram og smiðjan Tökum flugið fór af stað. Áhersla var lögð á upplifun yngstu barnanna í verkefnum þar sem unnið var með ólíkan efnivið eða mold, vatn og sand. Verkefnastjórar myndlistar skiptu deildunum á milli sín í vinnunni með börnunum. Eldri börnin í Dal tóku síðan flugið út í heim. Í Móa var flugið tekið í ýmsar áttir með áherslu á vísindi. Lögð var áhersla á að nýta tækniskistuna sem kveikju og spruttu fjölbreytt verkefni út frá því.

Náttúrusmiðjan er svo jafnan síðasta smiðja vetrarins þar sem að allur aldur leggur áherslu að vinna með náttúruna. Farið var í ferðir bæði um nærumhverfið en einnig fóru eldri börnin í lengri ferðir. Verið var að vinna með fugla, fjöruna, blóm og ýmislegt fleira. Þá voru öll börn á öllum aldri dugleg að gróðursetja og rækta blóm.

Margt hafði áhrif á smiðjuvinnuna og starfið í listasmiðjunni í vetur og má segja að Covid – 19 hafi haft mestu áhrifin með öllum sínum takmörkunum. Þá voru flutningar fjögurra ára barnanna yfir á Fífudal seint um haustið sem hafði áhrif á smiðjuvinnu í báðum húsum. Þá var einnig töluvert um breytingar á húsnaði í Dal sem



setti einnig hafði áhrif. Þrátt fyrir þetta allt gekk smiðjuvinnan nokkuð vel og sett voru upp smiðjulok og sýning í lok hverrar smiðju þó svo að foreldrar gætu ekki komið í heimsókn.

3.9 Tónlist í leikskólahluta Dalskóla

Haustið lofaði góðu með tónlistina í Dalskóla leikskólahluta. Verkefnastjóri í tónlistar skipulagði tónlistarstundir þannig að þær væru einn dag í Dalnum með börn fædd 2017 og unnið yrði með Tónmál (málörvun í gegnum tónlist). Tvo daga í viku yrðu tónlistarstundir með börnum fæddum 2016 og tveir daga með börnum fæddum 2015. Þetta plan virkaði í einn mánuð og síðan þurfti verkefnastjóri að vera alfarið í Móa með tveimur elstu árgöngunum vegna sóttvarnareglna. Unnið var markvisst með tónlistarstundir með börnum fæddum 2015 í tvo mánuði og að hluta til með börnum fæddum 2016 eftir að þau fluttu í Móa. Keypt voru inn hljóðfæri og skápur fyrir tónlistarstundirnar sem staðsettur er í Mosadal. Börnin fengu kynningu á hljóðfærunum og prófuðu sig áfram með þau. Um áramót tók verkefnastjóri tónlistar tímabundið að sér deildarstjórn á elstu deildinni og á sama tíma hertust enn meira sóttvarnareglur og féll því niður tónlistin á Fífudal. Síðan tók við tímabil þar sem verkefnastjóri tónlistar hefur verið alfarið á Fífudal í afleysingum vegna langtímaveikinda starfsfólks.

Eins og fram hefur komið tóku elstu börnin þátt í verkefni Barnamenningarhátíðar. Lesa má nánar um það í kafla Mosadals hér að framan.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Í Dalskóla er unnið eftir hugmyndafræði um menntun án aðgreiningar. Lögð er áhersla á að börnin séu virkir þátttakendur í almennu starfi deilda eins og hægt er. Kennarar/starfsfólk sem tengjast börnum sem þurfa sérstuðning sinna einstaklingsvinnu en lögð er áhersla á að allir á viðkomandi deild sinni og fylgi eftir áherslum viðkomandi barns, að barnið sé hluti af barnahópnum. Í kennslu eru nýtt gögn úr atferlisþjálfun og TEEACH eftir því sem við á hvort sem er í hópastarfi eða einstaklingskennslu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, EFI-2 og HLJÓM-2 eru notuð sem skimunartæki. AEPS, ABBLS, Orðaskil, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Íslenski málhljóðamælirinn eru listar sem eru notaðir eftir þörfum.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Í sérkennslu eru nýtt ýmiskonar spil og gögn/leikföng fyrir málörvun, félagsfærni og vitsmunapróska. Einnig eru skapandi efniviður nýttur í sama tilgang.



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

Umbóta- þættir sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Viðhald á markmiðum í læsisáætlun „Það er gott að lesa“.	Áfram verður unnið eftir markmiðum í læsisáætlun „Það er gott að lesa“. Við stækkun skólans er þörf á áframhaldan di innlögn til starfsmanna á markmiðum stefnunnar.	Kynna á starfsmanna- fundi áherslur stefnunnar og fylgja eftir í daglegu starfi.	Haustið 2021	Sérkennslu- stjórar	Á starfsmanna- fundum / deildar- fundum á vorönn	Að allir starfsmenn leikskólans séu meðvitaðir um helstu markmið stefnunnar.
Sjónrænt dagskipulag / stýrikerfi	Að á markvissari hátt nýta sjónrænt efni í daglegu starfi deilda	Gera efni aðgengilegt. Hvetja starfsfólk til að vera virkt í að nota myndrænt efni.	Skólaárið 2021 - 2022	Sérkennslu- stjórar	Með því að skoða og heyra hvernig sjónrænt efni nýtt í starfi	Sjálfsmat á deildum.

5 Innra mat – föltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Að mestu leiti var fjármagnið nýtt til kaupa á námsgögnum. Einnig námskeið.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í daglegu starfi er unnið markvisst með orðaforða. Verið er að nota kennsluefni frá Orðaleik, einnig Gefðu 10. Við viljum styrkja þá vinnu enn frekar.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í samverustundum er verið að styrkja og dýpka orðaforða barna en við viljum styrkja það starf enn frekar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?	Verið er að nýta TRAS skráningar til að fylgjast með færni fjöltyngdra barna í íslensku. Það verður gert áfram.



Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við ætlum að nýta okkur nýtt efni í áframhaldandi starfi: Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Allir þessir þættir tilheyra almennri málörvun saman ber læsisstefnu leikskólans. Við stefnum á að nýta okkur efni úr áður nefndum listum og vera í samvinnu og samráði við verkefnistjóra fjölmenningar.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

Umbótaþætti r sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Nýir listar: Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi	Að taka í notkun og virkja í starfi báða listana	Kynna efni þeirra fyrir deildarstjórum, leggja fyrir sjálfsmatslista. Velja í samráði við stjórnendur og deildarstjóra áherslur fyrir skólaárið.	Skólaárið 2021 - 2022	Sérkennslu- stjórar, deildarstjórar og stjórnendur skólans.	Í samráði við Sögu Stephensen verkefna- stjóra fjölmenningar Á starfsmanna- fundum á vorönn.	Úrvinnsla á skráningum sem tengjast þessum málaflokki. Fara yfir starf vetrarins og ræða með stjórnendum og deildarstjórum.
Verkefnið Velkomin	Nýtt verkefni sem verður unnið í samvinnu við þjónustu- miðstöð hverfisins.		Skólaárið 2021 - 2022	Sérkennslu- stjórar	Í samráði við ráðgjafa þjónustu- miðstöðvar.	Fara yfir starf vetrarins og ræða með stjórnendum og deildarstjórum skólans.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Tekin voru líðana viðtöl við starfsmenn bæði í Móa og Dal í nóvember og desember. Einnig voru deildarstjórar teknir í örviðtöl í vor. Samtölin gengu vel en almennt fannst starfsmönnum veturinn þungur og nokkuð bar á auknu álagi bæði vegna covid-19 og um vorið var augljóst að stytting vinnuvikunnar tæki aðeins á en það var mikið skipulag í kringum styttinguna.

Starfsdagar voru nýttir til endurmenntunar eins og oftast áður eða skipulagsvinnu. Í mars fengum við til okkar Önnu Grétu Guðmundsdóttur en hún var með okkur í smiðjuvinnu og skapandi starfi þar sem allir starfsmenn fengu að æfa sig og taka þátt eins og þau væru börn. Yfirskrift námskeiðsins var *Ég get ákveðið hvað ég bý til, ég hugsa það mjög vel með huganum*.

Læsisstefna hverfisins *Já það er gott að lesa* var gefið út sem bæklingur til foreldra í haust en verkefnið var þróunarverkefni þar sem leik- og grunnskólar ásamt frístundaheimilum í Grafarholti og Úlfarsárdal á árunum 2017-19 unnu að sameiginlegri læsi stefnu fyrir hverfið.

Áveðið var að hafa sameiginlegan starfsdag í hverfinu. Leikskólarnir héldu sínu striki þó ekki væri hægt að hittast og haldin var góður starfsdagur rafrænt það sem málörvun var aðalatriðið. Yfirheiti dagsins var að efla málörvun inni á deildum í öllu starfi, hvernig best er að lesa fyrir börn – spila - setja orð á athafnir í daglegu starfi – tala við öll börn á deildunum. Hvernig fer málörvun fram í daglegu starfi?

Ungbarnadeildir eru að opna í Dalskóla og börnin að verða yngri og fleiri í leikskólum hverfisins og var því starfsfólki leikskólanna skipt upp eftir aldri barna á þeirra deild sem það starfar. Starfsfólk sem vann með tólf mánaða til þriggja ára voru saman á málstofu en Tinna Guðmundsdóttir talmeinafræðingur var fengin til að vera með fræðslu, þar sem hún hefur sérhæft sig í málörvun yngstu barnanna. Í málstofunni var fræðsla og verkleg vinna um hvernig hægt er að útfæra málörvun inni á deildum.

Starfsfólk sem vann með börnum á aldrinum fjögurra til fimm ára var saman á málstofu og í verklegum vinnustofum. Talmeinafræðingurinn Bryndís Guðmundsdóttir var fengin til að stýra starfsmannahópnum sem vinnur með eldri börnin. Bryndís Guðmundsdóttir hefur sérhæft sig í málþroska barna og fór yfir mikilvægi þess að setja orð á athafnir, hversu mikilvægur málþroski er fyrir framtíð barna og mikilvægi þess að hlúa að honum frá unga aldri.

Í Menntastefnu borgarinnar *Látum draumana rætast A* – hlutanum var unnið síðastliðin vetur með verkefnið *Málið er málið*, málörvun og læsi. Verkefnastjóri gerði áætlanir fyrir leikskólann með vinnu með Lubba og orðflokka, hver deild vann svo eftir því eins og hentaði fyrir þeirra aldursbil.



Málörvunarstjórar voru inn á hverri deild og unnið var með börnin í litlum hópum og samverustundum. Talmeinafræðingar og sérkennarar komu að vinnunni með starfsfólki og foreldrum leikskólanna í hverfinu. Það átti að verða sameiginleg kynning á efninu fyrir foreldra þar sem foreldrum gæfist kostur á að koma og hlýða á frábæran fyrirlestur um mikilvægi góðs málþroska, lestur fyrir börnin og almennt um mikilvægi þessa. Ekki var unnt að bjóða upp á námskeiðin eins ætlað var en boðið var upp á fræðslu fyrir foreldra tólf mánaða til þriggja ára á netinu þar sem Tinna Guðmundsdóttir talmeinafræðingur fór yfir mikilvægi foreldra í málörvun barna sinna. Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur var með fræðslu fyrir foreldra barna fjögurra til fimm ára um mikilvægi þeirra sem málfyrirmyndir og hversu mikilvægt væri að sinna málörvun heima líka, hve mikilvæg samvinna á milli heimilis og skóla er og því mikilvæga hlutverki sem foreldrar gegna. Fyrirlestrarnir voru svo aðgengilegir á netinu fyrir þá sem ekki gátu fylgst með streyminu. Þar sem Covid og stækkandi skóli hefur verið stóra verkefni vetrarins höfum við því ekki lokið öllu sem ætlað var að gera en munum við vinna ótrauð áfram að því að bæta málþroska og málskilning barna í Dalnum.

Lítið var um að starfsfólk færi á námskeið þennan veturinn en alls stunduðu sex starfsmenn nám með vinnu við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri í leikskólakennarafræðum, bæði í grunnnámi eða á meistarastigi. Þá voru tveir starfsmenn að læra þroskajálfafræði við HÍ.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Starfsárið 2020-2021 var samstarf við grunnskólahluta Dalskóla og frístund töluvert minna en það sem venjan er vegna Covid-19 og þeirra takmarkanna sem það setti okkur. Um haustið fór hringekjan af stað en vegna þeirra fjöldatakmarkanna sem settar voru féll hún niður um tíma. En í hringekju vinna elstu börn leikskólans í litlum hópum með börnum og kennurum í fyrsta bekk. Á þennan hátt kynnast kennarar og börn starfinu á báðum skólastigum og vinna með námsþætti og frjálsan leik. Nú á vorönn þegar léttu fór á öllum takmörkunum hófst hringekjan aftur og fóru elstu börnin þá einnig að fara í heimsóknir í frístund. Þangað fóru þau í litlum hópum til þess að kynnast bæði frístundarstarfsmönnum og því starfi sem þar fer fram.

Venjulega hafa bæði fyrsta og síðasta smiðja verið unnar í samstarfi 1. bekkjar og elstu barna leikskólans. Í ár varð ekki af því vegna takmarkana Covid – 19.



8 Foreldrasamvinna

Þetta starfsárið var lítið um að foreldrar kæmu í hús vegna þeirra takmarkanna sem Covid-19 setti okkur. En á tímabili í vetur gátu foreldrar ekki komið inn í leikskólabyggingarnar okkar. Smiðjulok voru ekki haldin en settar voru upp sýningar að lokinni hverri smiðju.

Hvorki tókst að halda feðra eða mæðradagskaffi líkt og venjan er í kringum bóndadaginn og mæðradaginn.

Foreldrafélagið sótti um styrk vegna gróðurhússins sem staðsett er á lóð leikskólalóðarinnar í Móa og fengu styrk til þess að kaupa inn ýmsar plöntur og áhöld til þess að börn og starfsfólk gætu farið að nýta húsið í leik og starfi. Nokkrir foreldrar tóku sig saman að beiðni foreldrafélagsins og löguðu hillur, færðu vaska og fleira í gróðurhúsinu. Keypt var borð og útbúnir kollar úr trjábolum. Hafberg Þórisson garðyrkjumaður frá Lambhaga kom inn í verkefnið og gaf ráð með hvaða plöntur best væri að setja niður í kalt gróðurhús.

Foreldrafélagið hefur undanfarin ár boðið upp á leiksýningu og jóganámskeið en í ljósi aðstæðna varð ekkert úr námskeiðinu. Boðið var upp á leiksýningu með leikhópnum Lottu nú í byrjun júní, þar sem að allur leikskólinn kom saman og skemmti sér vel.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

DALSKÓLI

ÁRSTÍÐ	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAY	JÚNÍ	JÚLÍ
1. 9.	1. 10.	1. 11.	1. 12.	1. 1.	1. 2.	1. 3.	1. 4.	1. 5.	1. 6.	1. 7.	1. 8.
2. 9.	2. 10.	2. 11.	2. 12.	2. 1.	2. 2.	2. 3.	2. 4.	2. 5.	2. 6.	2. 7.	2. 8.
3. 9.	3. 10.	3. 11.	3. 12.	3. 1.	3. 2.	3. 3.	3. 4.	3. 5.	3. 6.	3. 7.	3. 8.
4. 9.	4. 10.	4. 11.	4. 12.	4. 1.	4. 2.	4. 3.	4. 4.	4. 5.	4. 6.	4. 7.	4. 8.
5. 9.	5. 10.	5. 11.	5. 12.	5. 1.	5. 2.	5. 3.	5. 4.	5. 5.	5. 6.	5. 7.	5. 8.
6. 9.	6. 10.	6. 11.	6. 12.	6. 1.	6. 2.	6. 3.	6. 4.	6. 5.	6. 6.	6. 7.	6. 8.
7. 9.	7. 10.	7. 11.	7. 12.	7. 1.	7. 2.	7. 3.	7. 4.	7. 5.	7. 6.	7. 7.	7. 8.
8. 9.	8. 10.	8. 11.	8. 12.	8. 1.	8. 2.	8. 3.	8. 4.	8. 5.	8. 6.	8. 7.	8. 8.
9. 9.	9. 10.	9. 11.	9. 12.	9. 1.	9. 2.	9. 3.	9. 4.	9. 5.	9. 6.	9. 7.	9. 8.
10. 9.	10. 10.	10. 11.	10. 12.	10. 1.	10. 2.	10. 3.	10. 4.	10. 5.	10. 6.	10. 7.	10. 8.
11. 9.	11. 10.	11. 11.	11. 12.	11. 1.	11. 2.	11. 3.	11. 4.	11. 5.	11. 6.	11. 7.	11. 8.
12. 9.	12. 10.	12. 11.	12. 12.	12. 1.	12. 2.	12. 3.	12. 4.	12. 5.	12. 6.	12. 7.	12. 8.
13. 9.	13. 10.	13. 11.	13. 12.	13. 1.	13. 2.	13. 3.	13. 4.	13. 5.	13. 6.	13. 7.	13. 8.
14. 9.	14. 10.	14. 11.	14. 12.	14. 1.	14. 2.	14. 3.	14. 4.	14. 5.	14. 6.	14. 7.	14. 8.
15. 9.	15. 10.	15. 11.	15. 12.	15. 1.	15. 2.	15. 3.	15. 4.	15. 5.	15. 6.	15. 7.	15. 8.
16. 9.	16. 10.	16. 11.	16. 12.	16. 1.	16. 2.	16. 3.	16. 4.	16. 5.	16. 6.	16. 7.	16. 8.
17. 9.	17. 10.	17. 11.	17. 12.	17. 1.	17. 2.	17. 3.	17. 4.	17. 5.	17. 6.	17. 7.	17. 8.
18. 9.	18. 10.	18. 11.	18. 12.	18. 1.	18. 2.	18. 3.	18. 4.	18. 5.	18. 6.	18. 7.	18. 8.
19. 9.	19. 10.	19. 11.	19. 12.	19. 1.	19. 2.	19. 3.	19. 4.	19. 5.	19. 6.	19. 7.	19. 8.
20. 9.	20. 10.	20. 11.	20. 12.	20. 1.	20. 2.	20. 3.	20. 4.	20. 5.	20. 6.	20. 7.	20. 8.
21. 9.	21. 10.	21. 11.	21. 12.	21. 1.	21. 2.	21. 3.	21. 4.	21. 5.	21. 6.	21. 7.	21. 8.
22. 9.	22. 10.	22. 11.	22. 12.	22. 1.	22. 2.	22. 3.	22. 4.	22. 5.	22. 6.	22. 7.	22. 8.
23. 9.	23. 10.	23. 11.	23. 12.	23. 1.	23. 2.	23. 3.	23. 4.	23. 5.	23. 6.	23. 7.	23. 8.
24. 9.	24. 10.	24. 11.	24. 12.	24. 1.	24. 2.	24. 3.	24. 4.	24. 5.	24. 6.	24. 7.	24. 8.
25. 9.	25. 10.	25. 11.	25. 12.	25. 1.	25. 2.	25. 3.	25. 4.	25. 5.	25. 6.	25. 7.	25. 8.
26. 9.	26. 10.	26. 11.	26. 12.	26. 1.	26. 2.	26. 3.	26. 4.	26. 5.	26. 6.	26. 7.	26. 8.
27. 9.	27. 10.	27. 11.	27. 12.	27. 1.	27. 2.	27. 3.	27. 4.	27. 5.	27. 6.	27. 7.	27. 8.
28. 9.	28. 10.	28. 11.	28. 12.	28. 1.	28. 2.	28. 3.	28. 4.	28. 5.	28. 6.	28. 7.	28. 8.
29. 9.	29. 10.	29. 11.	29. 12.	29. 1.	29. 2.	29. 3.	29. 4.	29. 5.	29. 6.	29. 7.	29. 8.
30. 9.	30. 10.	30. 11.	30. 12.	30. 1.	30. 2.	30. 3.	30. 4.	30. 5.	30. 6.	30. 7.	30. 8.
31. 9.	31. 10.	31. 11.	31. 12.	31. 1.	31. 2.	31. 3.	31. 4.	31. 5.	31. 6.	31. 7.	31. 8.

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagur nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagur kennara á starfslíma nemenda eru skóla ákveðnar af skólafélögum í samráði við kennara og með hlífð af kjarasamningnum.

Starfsdagur kennara utan starfslíma nemenda eru 8. Stofna skóla- og frístundavíðs er að í hverju hverfi leiðir skólafórnendur tek- og grunnskóla við að samræma þrjá starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands á skóladagum nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
 Sérstakir starfsdagar kennara á starfslíma nemenda eru firm og skulu skvæðir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðun af kjarasamningnum.
 Starfsdagar kennara utan starfslíma nemenda eru 8. Stærna skóla- og fríslundavísir er að í hverju hverfi tekið skólastjórinnur tek- og grunnskóla við að samræma þrjá starfs- og skipulagsdaga til hagræðs fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir

06.07.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Dalskóli**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ingibjörg L. Sigursteindóttir, formaður

Auður Eva Ásberg Auðunnsdóttir

Stefanía Hulda Marteinsdóttir

Stefanía Ingólfssdóttir

Helga Hreiðarsdóttir

Sonja Dögg Hákonardóttir

Bryndís Samúelsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Dalskóla, leikskólahluta fyrir árið 2021-2022.

Innra mat leikskólans fyrir árið 2020-2021 einkenndist af þeim miklu breytingum sem urðu á skipulagi og innviðum leikskólans. Öll börn fædd 2016 voru flutt yfir í Móa og undirbúningur og opnun yngri barna- og ungbarnadeilda stóð yfir fram eftir vetri. Ofan á þessar breytingar bættust við áskoranir í tengslum við fjöldatakmarkanir, hólfaskiptingar og takmarkaðan aðgang foreldra að byggingum leikskólans.

Foreldraráð þakkar öllu starfsfólki Dalskóla fyrir jákvæðni, æðruleysi og fagmennsku í vetur. Í gegnum hverja einustu áskorun er börnunum mætt með hlýju og þeirra vellíðan og öryggi haft að leiðarljósi.

Í innra mati hvernar deildar má sjá hvernig kennarar og starfsfólk hefur náð að hafa spennandi og áhugaverð verkefni í boði fyrir börnin. Smíðjur hafa fengið forgang og áhugasvið barnanna fengið að stýra för. Hver deild hefur mætt ólíkum áskorunum og unnið með þær á sinn hátt.

Umbótaáætlun Dalskóla leikskólahluta er spennandi og faglega unnin.

Vinna með vináttuverkefni og Blæ er mikilvægt í stórum barnahópi og mun eflaust hafa jákvæð áhrif á samskipti, skólabrag og líðan allra barna.

Einnig er áhersla á málörvun á öllum deildum mjög jákvæð. Að miklu leyti er fjallað um að innleiða Lubbi finnur málbein og hafa þær stundir fyrir öll börn. Okkur þykir mikilvægt að benda á að í málörvun þarf líka að fylgja áhugasviði barnanna svo árangur náist. Lubbi finnur málbein er fyrir fram ákveðin leið/efni og hentar ekki öllum börnum. Í vinnu með fyrir fram ákveðið efni er mikilvægt að fylgjast með þeim börnum sem sýna því ekki áhuga og mæta þeim á öðrum vettvangi.

Skólaráði þykir einnig mjög jákvætt að nota meira tákni með tali með yngstu börnum leikskólans.

Innra mat og umbótaáætlun sérkennslu og málefnum fjöltyngdra barna er vel unnin og fagleg.

Samstarf leikskólans við grunnskóla, frístundamiðstöðvar og foreldra mynda mikilvæga hlekki í skólabrag Dalskóla. Svona samvinna hefur lotið í lægra haldi í kórónuverufaraldrinum en nú eru bjartari tímar framundan og það verður spennandi að sjá hvernig þessi samvinna þróast.

Við í skólaráði erum mjög ánægð að lesa að verið sé að fylgjast með líðan starfsfólks með líðana viðtölum og þess háttar. Við vitum að það hefur verið mikið álag á öllu starfsfólki leikskólans á líðandi vetri og áskoranirnar fjölmargar. Við höfum miklar áhyggjur af styttingu vinnuvikunnar á vettvangi leikskólans, fækkun starfsfólks í styttingunni hefur áhrif á líðan og álag. Það hefur ekki aðeins slítandi áhrif á það frábæra starfsfólk sem starfar í Dalskóla heldur einnig áhrif á líðan barnanna á þeim tíma



sem álagið er mest. Rannsóknir sína að streituvaldandi umhverfi getur beinlínis haft skaðleg áhrif á taugabroska ungra barna.

Eftir þennan erfiða vetur 2020-2021 er foreldraráð Dalskóla fyrst og fremst þakklátt fyrir það starf sem hefur verið unnið af yndislegu og jákvæðu starfsfólki skólans. Umbóta og starfsáætlun fyrir árið 2021-2022 er vel unnin og ber vott um faglega vinnu og bjarta framtíðarsýn.

Fyrir hönd skólaráðs

Helga Hreiðarsdóttir



